

33. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
19.-20. október 2023

Umgjörð launaliðar

Í kjarasamningi LÍV/VR við Samtök atvinnulífsins 2022 var samið um prósentuhækkun launa með hámarki í krónutölu. Hækkunin var 6,75%, að hámarki kr. 66.000. Kauptaxtar hækkuðu hlutfallslega meira, eða allt að 13%, og kjaratengdir liðir hækkuðu um 5%.

Í aðdraganda þess samnings gerðu stærstu félögin, VR og FVSA, kannanir meðal félagsfólks um áherslur í viðræðum þar sem bæði félög spurðu um viðhorf til launahækkunar. Svipað hlutfall svarenda eða rúmlega helmingur hjá báðum félögum valdi prósentuhækkun með viðmiði í krónum, hvort sem var lágmark í krónum eingöngu eða bæði lágmark og hámark. Fleiri svarendur hjá VR völdu hins vegar sömu prósentuhækkun fyrir alla en fleiri svarendur hjá FVSA völdu sömu krónutöluhækkun fyrir alla.

Spurt er: Hvaða áherslu telur þú að LÍV/VR eigi að hafa í næstu kjarasamningum um launahækkanir?

Svarmöguleikar eru:

- Prósentuhækkun með lágmarki og hámarki í krónum
- Prósentuhækkun með lágmarki í krónum
- Sömu krónutöluhækkun fyrir alla
- Sömu prósentuhækkun fyrir alla